

Réttssýn ehf.
b.t. Marteins Mássonar skiptastjóra
Lágmúli 7
108 Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2020
UST202003-216/H.E.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 26.5.2020, hjá GMR Endurvinnslunni ehf.

Þann 26. maí sl. fór fram eftirlit í þrottabú GMR Endurvinnslunnar ehf. á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi endurbætur á rekstrarþáttum verksmiðjunnar þar til verksmiðjan verður gangsett að nýju sbr. bréf dags 28. mars 2017. Úrbótum frávika er varða ráðstöfun og geymslu úrgangs er ekki að fullu lokið. Þeim málum verður fylgt eftir í öðru bréfi.

Fjögur ný frávik komu fram er varða:


1. Gr. 1.6 í starfsleyfi. Tímasett áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar liggar ekki fyrir.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí fyrir undangengið rekstrararár. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2019. Staðfest var í eftirlitinu að enginn rekstur var í fyrirtækinu á árinu 2019.
3. Gr. 2.13 í starfsleyfi. Gámur með síuryki var ekki nægilega lokaður þegar eftirlitið fór fram svo regn kemst að sekkjunum með tilheyrandi hættu á að mengun berist í nærliggjandi jarðveg.
4. 54. gr. laga 7/1998. Í síðasta reglubundna eftirliti var óskað eftir nánari upplýsingum, þ.e. teikningum um lóðarmörk og upplýsingum um hvort hreinsivirkir s.s. olíuskiljur séu á lóðinni. Þær upplýsingar liggja enn ekki fyrir.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2.9.2020.

Virðingarfyllst



Halla Einarsdóttir



Helga Rut Arnardóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



| | | | |
|---------------------|-----------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 26.5.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | GMR Endurvinnslan ehf | Eftirlitsmaður | Helga Rut Arnarsdóttir |
| Heimili | Tangavegi 7 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5406101930 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Marteinn Másson | ÍSAT nr. | 24.5 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í vettvangsferð til að taka út frágang vegna rekstrarstöðvunar. Engin starfsemi hefur verið í verksmiðjunni frá janúar 2017 en þá var fyrirtækið lýst gjaldþrota. Ekki hefur verið sótt um niðurfellingu starfsleyfisins en það gildir til 31. desember 2025.

Þrjú frávik sem skráð voru á árunum 2016-2019 eru opin er varða.

1. Ráðstöfun síuryks í viðurkenndan farveg
2. Tiltekt á lóð og ráðstöfun framleiðsluvara og úrgangs í viðurkenndan farveg.
3. Skil á staðfestingu ábyrgðartryggingar vegna bráðamengunar hafs og stranda.
Til viðbótar eru þrjú eldri frávik með samþykkta úrbótaáætlun um úrbætur áður en starfsemin fer af stað að nýju þ.e.
1. Uppsetning gíðingar til að afmarka lóðina
2. Uppsetning reyktjalda og uppfærsla mengunarvarnabúnaðar til að minnka losun í andrúmsloft.
3. Malbikun og lokafrágangur lóðar

Þá voru skráð fjögur ný frávik frá starfsleyfi í eftirlitinu vegna vanskila á gögnum og upplýsingum.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang vettvangsheimsóknarinnar var eftirfarandi:

Umfang eftirlitsins verður eftirfarandi:

1. Gagnaskil skv. gildandi starfsleyfi.
2. Síðasta eftirlitsskýrsla
3. Úrbætur eldri frávika
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsókna.
5. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi
6. Skoðunarferð um lóð

1. Rekstraraðila ber að skila inn gögnum samkvæmt starfsleyfi og reglugerðum nr. 851/2002 um grænt bókhald, nr. 990/2008 um útstremmisbókhald og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs fyrir 1. maí fyrir undangengið rekstrarár. Staðfest var að enginn rekstur var á árinu 2019.

2. Í síðustu eftirlitsskýrslu var frávik vegna gagnaskila (grænt bókhald og útstremmisbókhald) en þeim gögnum hefur verið skilað. Einnig var skráð frávik þar sam að trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. reglugerð 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda lá ekki fyrir. Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda. Gerð var athugasemd við geymslu rafgeyma utandyra og hefur þeim nú verið komið fyrir innandyra. Þá var óskað eftir gögnum frá rekstraraðila en þau hafa ekki enn borist stofnuninni. Um er að ræða uppfærða tímasetta áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og teikningar af lóð verksmiðjunnar annars vegar til að greina lóðarmörk og hins vegar staðsetningu hugsanlegra fráveituhreinsirkja og lagna á lóðinni.

3. Við rekstrarstöðvun verksmiðunnar í janúar 2017 hafði ekki verið ráðin bót á nokkrum útistandandi frávikum. Umhverfisstofnun hefur samþykkt úrbótaáætlun þess efnis að uppfærsla á reykhlreinsibúnaði/uppsetning reyktjalda og frágangi lóðar verði lokið áður en verksmiðjan fer í gang aftur (sjá bréf 28. mars 2017). Óskað hefur verið eftir tímasettri úrbótaáætlun til að ráðstafa uppsöfnuðu síuryki á svæðinu. Í eftirlitum 2017 voru skráð frávik vegna mögulegrar mengunarhættu frá síurykinu og var það flutt inn í verksmiðjuhúsið og í lokaðan gám til að verja efnið fyrir veðrum og vindum og að mengun bærist í jarðveg. Leitað hefur verið leiða við að selja síurykið til endurvinnslu en það hefur ekki boðið árangur. Í eftirliti 2018 var skráð frávik um gamlar gröfur, slagg, rafskaut og annar úrgang á lóðinni.

Í eftirlitinu var staðfest að tiltekt hefur ekki farið fram á lóðinni og því staða fráviksins óbreytt frá 2018.

4. Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tiðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfishundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfishundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðilia í eftirliti síðasta árs. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávika. Búast má við að slíkt eftirlit verði haft með verksmiðjunni til að fylgja eftir frágangi vegna rekstrarstöðvunar. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

5. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Engir geymar voru sjáanlegir á lóð GMR Endurvinnslunnar í eftirlitinu og skv. upplýsingum frá skiptastjóra.

6. Eins og fram kemur í tölulið 4 hér framar var staðfest í eftirlitinu að framleiðsluúrgangur og annar úrgangur hefur enn ekki verið ráðstafað í viðurkenndan farveg. Samkvæmt skipulagsupprætti nær úrgangurinn inn á nærliggjandi lóð að Tangavegi 5. Eins var staðfest að á lóð GMR var komin úrgangur úr nærliggjandi verksmiðju. Þá var staðfest að gámur með síuryki á lóð verksmiðjunnar var ekki nægilega lokaður.

Frávik frá

grein 1.6 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Tímasett áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar liggar ekki fyrir.

grein 3.4 í starfsleyfi

Rekstraraðila ber að skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí fyrir undangengið rekstrarár. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2019. Staðfest var í eftirlitinu að enginn rekstur var í fyrirtækinu á árinu 2019.

grein 2.13 í starfsleyfi

Gámur með síuryki var ekki nægilega lokaður þegar eftirlitið fór fram svo regn kemst að sekkjunum með tilheyrandi hættu á að mengun bersti í nærliggjandi jarðveg.

54. gr. laga 7/1998

Í síðasta reglubundna eftirliti var óskað eftir nánari upplýsingum, þ.e. teikningum um lóðarmörk og upplýsingum um hvort hreinsivirkri s.s. olíuskiljur séu á lóðinni. Þær upplýsingar liggja enn ekki fyrir.

ANNAÐ

Skiptastjóri hefur leitað leiða við að selja verksmiðjuna án árangurs. Minnt var á að ef nýr rekstraraðili kemur að leyfinu þarf að sækja um handhafabreytingu starfsleyfisins. Eyðublað þess efnis var sent á skiptastjóra í kjölfar eftirlitsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.08.2020

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

bls. 4